



Kosið verður um sameiningu sveitarfélaganna milli Þjórsár og Skeiðarársands í næsta mánuði

Innviðir samfélagsins verði sterkari

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Sameinað sveitarfélag á Suðurlandi yrði sterk eining með burði til að takast á við áskoranir í samfélagi, þar sem gerðar eru miklar og sívaxandi kröfur um þjónustu,“ segir Anton Kári Halldórsson, formaður samstarfsnefndar um sameiningu fimm sveitarfélaga á Suðurlandi.

Jafnhliða þingkosningum 25. september næstkomandi greiða íbúar Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Mýrdals- og Skaftárhreppa atkvæði um hvort sameina eigi þessi sveitarfélög í eitt. Málið hefur lengi verið í deiglu og mörgum flötum velt upp.

Milli Þjórsár og Skeiðarársands

„Hagræðing, skilvirkari stjórnýsla og svigrúm til að koma betur til móts við íbúana. Í mínum huga eru kostir sameiningar margir. Mikilvægast er samt að íbúarnir kynni sér málin og taki upplýsta ákvörðun þegar þeir segja af eða á í kosningunum í haust,“ segir Anton Kári.

Í samstarfsnefnd um sameiningarmál eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna fimm; en þau ná yfir svæðið milli Þjórsár og Skeiðarársands, það er Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur. Milli vatna og frá fjöru og inn til fjalla spannar svæðið 15.672 ferkílómetra og á því búa 5.230 manns. Flestir eru íbúar í Rangárþingi eystra þar með talinn Hvolsvöllur, nærri 1.850. Þeir eru 1.760 í Rangárþingi ytra og þá er Hella inni í breytunni. Í Mýrdal búa 760 manns, 600 í Skaftárhreppi, og 260 í Ásahreppi.

Sveitarfélagið sjái um vegamálin

„Á þessu stóra og víðfema svæði eru mörg sambærileg hagsmunamál frá einni byggð til annarrar. Í viðræðum við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra settum við þunga í vegamálin. Meginæðarnar þarf að byggja upp og bæta en ekki síst héraðs- og tengivegi í dreifbýlinu,“ segir Anton Kári.

„Úr sveitum sækja margir vinnu í þéttbýlið og á þessum leiðum eru skólabílar á ferðinni að morgni og síðdegis. Á nokkrum stöðum hér á Suðurlandi er ferðalag barnanna í skóla klukkustund hvora leið – þá gjarnan á mal-arvegum sem verður að byggja



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Hvolsvöllur Stærsti þéttbýlisstaðurinn á svæðinu sem rætt er um að sameina. Um 1.000 manns búa á Hvolsvelli sem er þjónustustaður í héraði.

upp og setja slitlag á. Hagsmunir landbúnaðar og ferðaþjónustu krefjast úrbóta á vegunum. Í samtölum okkar við ráðherra settum við því fram þá hugmynd að sameinað sveitarfélag tæki að einhverju leyti við vegamálum í héraði. Myndi stýra forgangsröðun framkvæmda sem yrði hraðað, enda yrði verulegum fjármunum varið til verkefna sem sérstaklega væru eyrnamerkt svæðinu.“

Stafrænt ráðhús

Verði sameining á Suðurlandi að veruleika má vænta alls 800 milljóna króna framlags á næstu árum frá ríkinu. Þeim fjármunum yrði, skilmálum samkvæmt, varið til margvíslegrar uppbyggingar innviða því margs þarfnast búið við eins og máltækið segir. Nú eru til dæmis að hefjast framkvæmdir við byggingu nýs leikskóla á Hvolsvelli, stækka þarf hús grunnskólans á Helli og svo mætti áfram telja. Sömmuleiðis er kominn tími á viðhald og endurbætur á fjölda mannvirkja.

Þá fengu sveitarfélögin fimm á dögum 25 milljóna króna framlag til þess að koma upp því sem Anton Kári kallar *stafrænt ráðhús*. Með því er ætlunin að gera íbúum kleift að sækja þjónustu til sveitarfélaga sem mest í gegnum netið; senda inn umsóknir og fá afgreiðslu erinda, ganga frá greiðslu og sjá hvar sín erindi eru í stjórnsýslunni.

Eitt af því sem fjallað hefur verið um í viðræðum um sameiningu sveitarfélaganna er hvort æskilegt sé að settur verði á laggirnar framhaldsskóli í héraðinu. Unglingar og foreldrar voru



Viðhorf Mikilvægast að íbúarnir kynni sér málin og taki upplýsta ákvörðun þegar þeir segja af eða á í kosningunum í haust,“ segir Anton Kári.

spurðir álits og reyndist lítil hljómgrunnur fyrir stofnun skóla. „Ungmenni hér sækja flest hver annaðhvort í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi eða í Menntaskólann að Laugarvatni og vilja halda því áfram. Mikilvægt er því að samgöngur séu góðar og öruggar og er það okkar áhersla til framtíðar. Stofnun nýs framhaldsskóla verður því ekki for-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Vik Ferðaþjónusta er burðarás í atvinnulífi byggðanna í Vestur-Skaftafellssýslu, sem á margan hátt hafa átt í vök að verjast síðustu ár.

Hver er hann?

- Anton Kári Halldórsson, sem er fæddur 1983, er byggingarfræðingur að mennt. Hann starfaði sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps frá 2009-2012 og gegndi sama starfi fyrir Rangárþing eystra frá 2012-2018. Var sveitarstjóri Rangárþings eystra 2018-2020.
- Anton Kári er nú oddviti Rangárþings eystra og deildarstjóri skipulags- og byggingardeildar Árborgar. Anton Kári er búsettur á Sunnuhvoli við Hvolsvöll ásamt konu sinni, Kristínu Bjarnveigu Böðvarsdóttur, og þremur börnum.

breytt búsetuskilyrðum til dæmis í sveitunum. Aðstæður þar eru allt aðrar en var til skamms tíma. Í samkomutakmörkunum vegna veirunnar hefur fjarvinnslan sannað sig. Í landbúnaði í sveitunum er staðan svo sú að búum þar hefur fækkað, en þau sem áfram standa eru munu stærri en áður. Þetta er þróun sem sveitarfélagið getur ekki breytt, heldur verður að líta á sem tækifæri. Stóðir atvinnulífsins verða fleiri og fjölbreytnin meiri, á svæði sem er matarkista Íslands. Hér eru rekin stór bú og matvælavinnslur. Með afurðum af þessu svæði mætti fæða alla Íslendinga. Raunar er blússandi gangur í mörgum verkefnum hér sem aftur kallar á að innviðir samfélagsins séu sterkir, eins og sameining sveitarfélaganna getur vonandi leitt til.“

gangsmál að svo stöddu, einnig þegar horft er til þess hvað hugmyndir okkar um skólastarf hafa breyst mikið með fjarkennslu á tímum covid,“ segir Anton Kári og að lokum:

Matarkista Íslands

„Nú eru ljósleiðaratengingar komnar hér í allt dreifbýli sveitarfélaganna, sem hefur gjör-